

um aðstoð við vangefið fólk.

Flm.: Alfreð Gíslason, Eggert Þorsteinsson, Sigurvin Einarsson,
Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Af alls konar öli og gosdrykkjum, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 auro af hverri flösku, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, sem stofnað var hinn 23. marz 1958.

2. gr.

Öl- og gosdrykkjagerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr. mánaðarlega til Styrktarfélagsins. Skal gjaldið greitt fyrir lok hvers mánaðar af öli því og gosdrykkjum, sem látið var burt, selt eða sent til umboðssölu í næsta mánuði á undan.

3. gr.

Verð á öli og gosdrykkjum, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir háðar samþykki hlutaðeigandi ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Greinargerð.

Það liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vangefinna í landinu. Með öðrum þjóðum hefur komið í ljós, að um það bil $1\frac{1}{2}$ af hundraði íbúanna eru vangefnir. Ef reikna mætti með því hlutfalli hér á landi, yrði tala vangefinna hér um eða yfir 2000 menn. Þroskastig þessa fólks er ákaflega misjafnt, en talið er, að um það bil fjórðungur vangefna fólksins sé annaðhvort örvtar eða fávitar á svo háu stigi, að hælisvist sé nauðsynleg. Samkvæmt þessu mætti gera ráð fyrir, að hér á landi sé þörf á hælum fyrir allt að 500 menn. Þau hæli, sem til eru, munu rúma nokkuð á annað hundrað menn. Brýn þörf er því fyrir aukið hælisrúm.

Svo brýn sem þörfin er á auknu hælisrúmi, mun þó þörfin á kennslu eða þjálfun vangefna fólksins, sem er á herra þroskastigi, vera enn brýnni. Fyrir þetta fólk hefur lítið verið gert. Hið almenna fræðslukerfi hentar ekki þessu fólki. Það er því brýn nauðsyn sérstakra kennsluhátta og þjálfunar fyrir þetta fólk.

Nú fyrir skemmstu var stofnað hér Styrktarfélag vangefinna. Samþykktir félagsins eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og samþykktirnar bera með sér, er tilgangur félagsins að vinna að velferðarmálum vangefinna.

Hér er um að ræða mikið þjóðfélagslegt vandamál, sem ríkisvaldinu ber vissulega skylda til að leysa svo sem bezt verður á kosið. Það er ástæða til að fagna því, að einstaklingar hafa nú bundizt samtökum, sem vinna vilja að lausn þessa máls. Slík samtök einstaklinga hafa gefið mjög góða raun á ýmsum öðrum sviðum, svo að ástæða virðist til að vænta mikils árangurs af þessum samtökum. Slík samtök hafa notið beins og óbeins stuðnings ríkisvaldsins, og þykir augljóst, að þessu nýstofnaða styrktarfélagi þurfi einnig að veita einhvern slíkan stuðning.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að félaginu verði tryggð nokkur fjáröflun með sérstöku gjaldi, sem greitt verði til framkvæmdasjóðs félagsins. Gjald þetta nemi 10 auro af hverri öl- og gosdrykkjaflösku, sem framleidd er í landinu. Gert er ráð fyrir, að gjald þetta nemi árlega 1.5—2 millj. króna. Ætla verður, að félagið geri ýmsar ráðstafanir til annarrar fjáröflunar, svo að möguleikar til verulegra framkvæmda munu fljótlega verði fyrir hendi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Það þykir sjálfsagt að kveða svo á, að fé því, sem þannig fæst, verið varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk og þær ráðstafanir háðar samþykki hlutaðeigandi ráðherra, sb.: 4. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Lög Styrktarfélags vangefinna.

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag vangefinna. Heimili þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að því:

- a. að komið verði upp nægilegum og viðunandi hælum fyrir vangefið fólk, sem nauðsynlega þarf á hælisvist að halda.
- b. að vangefni fólki veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa.
- c. að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt.
- d. að einstaklingar, sem kynnu að vilja afla sér menntunar til þess að annast vangefið fólk, njóti riflegs styrk í því skyni.

3. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda í marzmánuði ár hvert. Hann skal boða með auglýsingu í dagblöðum bæjarins með þriggja daga fyrirvara. Greina skal dagskrá í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður og ekki hamla sérstök atvik fundarsókn.

4. gr.

Aðalfundur félagsins kýs fimm menn í stjórn þess og fimm til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar er þrjú ár. Eftir eitt ár gengur einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti, eftir tvö ár ganga tveir úr stjórn, einnig eftir hlutkesti á milli þeirra fjögurra, sem eftir eru, en síðan ganga menn úr stjórninni eftir kosningaaldri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurkjósa má stjórnarnefndarmenn.

5. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir og tveir til vara. Félagsmálaráðherra tilnefnir annan endurskoðandann og varamann hans, en aðalfundur kýs hinn og varamann hans. Kjörtímabil endurskoðendanna er þrjú ár.

6. gr.

Félagsfundur skal halda, þegar stjórnin ákveður eða þegar minnst 20 félagsmenn krefjast þess.

7. gr.

Stjórnarfundur skal halda, þegar einhver úr félagsstjórninni æskir þess. Stjórnin getur falið einstökum félagsmönnum að inna af hendi störf í þágu félagsins og einnig skipað sérstakar nefndir í sama tilgangi.

8. gr.

Árgjald greiðir hver félagismaður, og skal það vera kr. 50.00. Helmingur árgjalds rennur í félagssjóð og helmingur í framkvæmdasjóð. Ævifélagagjald skal vera kr. 500.00. Rennur það í framkvæmdasjóð.

9. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár skulu fullgerðir og afhentir endurskoðendum ásamt fylgiskjölum fyrir 15. febrúar ár hvert. Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun reikninganna í tæka tíð fyrir aðalfund. Reikningar félagsins skulu árlega birtir í Lögbirtinga-
blaðinu.

10. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, og þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða til breytinga.